



Reykjavík, 25. júní 2019.

Ásmundur Friðriksson, alþingismaður.

Vísað er til fyrri bréfaskipta út af erindi þínu í tilefni af ummælum sem höfð voru eftir Þórhildi Sunnu Ævarsdóttur og Birni Leví Gunnarssyni á opinberum vettvangi um endurgreiðslu skrifstofunnar á aksturskostnaði.

Á fundi forsætisnefndar 21. júní sl. var afgreidd svohljóðandi bókun forsætisnefndar:

„Forsætisnefnd Alþingis hefur haft til umfjöllunar erindi ÁF um meint brot þingmannanna ÞSÆ og BLG á siðareglum fyrir alþingismenn þegar þau tjáðu sig á opinberum vettvangi um endurgreiðslu aksturskostnaðar til hans. Eftir afmörkun málsins, sbr. 1. mgr. 8. gr. reglna um meðferð erinda og málsmeðferð samkvæmt siðareglum fyrir alþingismenn og eftir að hafa gefið ÞSÆ og BLG tækifæri til þess að tjá sig um hana óskaði forsætisnefnd eftir álti siðanefndar, sbr. 16. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Álit siðanefndar er dags. 9. maí sl. og athugasemdir ÞSÆ við það bárust forsætisnefnd með bréfi hennar, dags. 20. maí sl.

Að mati forsætisnefndar hefur siðanefnd lagt mat á hátterni ÞSÆ og BLG á grundvelli siðareglna fyrir alþingismanna, og þeirra grundvallarsjónarmiða sem búa að baki setningu þeirra, og komist að þeirri niðurstöðu að ummæli ÞSÆ frá 25. febrúar 2018, virt í heild sinni, hafi ekki verið í samræmi við a- og c-lið 1. mgr. 5. gr. meginreglna um hátterni og hátternisskyldu og 7. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Það er jafnframt álit siðanefndar að þau ummæli BLG, sem vísað er til í erindi ÁF, séu ekki ósamrýmaleg a- og c-lið 1. mgr. 5. gr. og 7. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Forsætisnefnd hefur yfirfarið niðurstöður siðanefndar og athugasemdir ÞSÆ, ásamt öðrum gögnum málsins. Það er álit forsætisnefndar, sbr. 3. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn, að fallast beri á niðurstöður álits siðanefndar. Samkvæmt því standa ekki skilyrði til þess að verða við ósk ÞSÆ um að málid verði á ný lagt fyrir siðanefnd. Er málínu þar með lokið af hálfu forsætisnefndar. Öll gögn sem því tengjast verða gerð aðgengileg á vef Alþingis um leið og málsaðilum hefur verið kynnt þessi niðurstaða.“

Með tilvísun til 3. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn fylgir hér með álit forsætisnefndar í málínu, sbr. ofangreinda bókun.



Á framangreindum fundi forsætisnefndar lagði Guðjón Brjánsson, alþm. fram bókun í tilefni af niðurstöðu forsætisnefndar. Jafnframt boðaði Jón Þór Ólafsson, alþm., og Þorsteinn Sæmundsson, alþm., að þeir mundu senda forseta bókun sína. Auk bókunar Guðjóns Brjánssonar fylgja hér með bókanir Jón Þórs Ólafssonar og Þorsteins Sæmundssonar.

Álit forsætisnefndar, ásamt tilgreindum fylgiskjölum, verður birt á vef Alþingis 26. júní eftir kl. 12:00.

Fylgiskjöl:

1. Bókun JPÓ
2. Bókun PS
3. Bókun GB
4. Bréf PSÆ til forsætisnefndar, í tilefni af álti siðanefndar, dags. 20. maí 2019.
5. Álit siðanefndar 9. maí 2019 í máli nr. 2/2019.
6. Bréf forseta Alþingis til siðanefndar, dags. 2. apríl 2019.
7. Bréf BLG og PSÆ til forsætisnefndar, dags. 29. mars 2019
8. Bréf forseta Alþingis til BLG og PSÆ, dags. 25. mars 2019.
9. Bréf ÁF til forsætisnefndar, dags. 14. mars 2019.
10. Bréf skrifstofu Alþingis til ÁF, dags. 6. mars 2019.
11. Greinargerð BLG og PSÆ í tilefni af erindi ÁF, ásamt fylgiskjölum, dags. 25. febrúar 2019.
12. Erindi ÁF til forsætisnefndar, dags. 10. janúar 2019.

F O R S E T I   A L Þ I N G I S